

stjórnar í 3 mánuði, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dóms að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttar-
lögmanns, kr. 80.000.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. janúar 1978.

Nr. 173/1975. **Á. Hansen og Co.**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Póst- og símamálastofnuninni

og gagnsök.

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Sáttaumleitun. Ömerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ.
Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 5. desember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. nóvem-
ber s. á. Kröfur hans hér fyrir dómi eru þær, að gagnáfrýj-
andi verði dæmdur til að greiða honum jafnvirði 100.000
bandaríkjadala með 13% ársvöxtum frá 8. mars 1974 til 15.
júlí s. á., en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.
Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 22. desember
1975. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda,
en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar. Hann krefst og máls-
kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, enda verði málskostn-
aður í héraði ákveðinn hærri en gert var í héraðsdómi.

Mál þetta var höfðað í héraði með stefnu, útgefinni 22.

ágúst 1974, en var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 5. september 1974. Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst yfir, að rétt heiti aðaláfrýjanda sé Á. Hansen og Co.

Málssókn sína reisir aðaláfrýjandi á því, að bandaríska póstpjónustan hafi ranglega stöðvað og endursent óskrásett- ar bréfaþóstsendingar til hans. Eigi verður séð, að þetta renni nægum stöðum undir kröfur aðaláfrýjanda um fébætur úr hendi gagnáfrýjanda. Þar sem mál þetta hefur ekki verið lagt til sátta fyrir sáttamenn, en það er ekki undanþegið sátta- tilraun þeirra, verður þó ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Er hann ákveðinn samtals 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Á. Hansen og Co., greiði gagnáfrýjanda, Póst- og símamálastofnuninni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 250.000 krónur, að viðlagðri að- för að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. júní sl., hefur firmað Á. Hansen, Reykjavík, höfðað gegn Jóni Skúlasyni, póst- og síma- málastjóra, vegna póst- og símamálastjórnar til greiðslu jafnvirðis \$ 250.000.00 ásamt löglegum hámarksvöxtum, eða 13% frá 8. mars 1974 til 15. júlí 1974, en 16% frá þeim tíma til greiðsludags, svo og er krafist málskostnaðar. Málið er höfðað með framlagningu stefnu í dómi þann 5. september 1974.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þess krafist, að hann verði sýkn- aður. Til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð að mati réttarins. Í báðum tilfellum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Sáttaumleitanir hafa reynst árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að frá árinu 1971 hefur firmað Á. Hansen auglýst í blöðum og tímaritum í Bandaríkjunum, að gegn pöntun sendi fyrirtækið jólakveðju til þeirra, sem pöntunin tilgreindi. Jólakveðju þessa hefur íslenskur listamaður, Halldór Pétursson, gert. Hér er ekki um venjuleg sendibréf að ræða, heldur skilríki, sem rúllað er upp í þar til gerðan hólka, sem Kassagerð Reykjavíkur hefur útbúið, og kveðst fyrirtækið hafa pantað 10.000 slíka hólka. Samkvæmt yfirskrift kveðjunnar er hún frá Santa's Workshop Iceland og ber undirskriftina Santa. Með hverri pöntun átti að senda \$ 3. Firmað Á. Hansen hóf þessa starfsemi á árinu 1971, en þá var Santa's Workshop aðeins auglýst í nokkrum tímaritum á stórsvæði New York borgar. Reynsla af þeirri starfsemi gaf góðar vonir um auknar tekjur, ef betur væri auglýst, og varð þannig framhald á framkvæmdum. Samkvæmt aðiljaskýrslu fyrirvarsmanns stefnanda hér fyrir dómnum 17. mars 1975 var auglýst í tímaritum og blöðum, að senda skyldi pöntunina til Santa's Workshop, p.o. box 4134 Reykjavík, Iceland. Fyrirsvarsmenn Á. Hansen ákváðu árið 1973 að útbúa sérstaka dagskrá fyrir sjónvarp til að auglýsa Santa's Workshop Iceland. Segjast þeir, áður heldur en í það var ráðist, hafa leitað upplýsinga varðandi utanáskrift pöntunarbréfa hjá pósthjónustunni í Reykjavík. Sjálfir töldu þeir æskilegt að einungis nafnið Iceland (Ísland) kæmi fram á utanáskrift pöntunarbréfsins, það mundi gera hana skemmtilegri og auðveldara fyrir fólk að grípa texta hennar, þegar auglýst væri í sjónvarpi. Hjá pósthjónustunni í Reykjavík telja þeir sig hafa fengið upplýsingar um, að slík utanáskrift eingöngu með pósthólfsnúmeri og Iceland væri, eins og á stæði, nægileg, svo pöntunarbréfin kæmust til skila. Þeir hafi síðan auglýst í sjónvarpi fyrir jólin 1973, án þess að staðarheitisins, Reykjavík, væri getið, en þá hafi brugðið svo við, að pósthjónustan í New York hafi stöðvað póstsendingar þessar, þar sem talið var, að umrædd utanáskrift væri ófullnægjandi. Þessar aðgerðir pósthjónustunnar í New York hafi skaðað stefnanda verulega, bæði beint og einnig óbeint, þegar það spurðist út meðal sendenda, að utanáskriftin væri ófullnægjandi. Pósthjónustunni í New York hafi verið óheimilt að stöðva póstinn. Það hafi verið á valdi viðtöku-landsins, þ. e. Íslands í þessu tilfelli. Fyrirsvarsmaður stefnanda kvaðst hér fyrir dómnum ekki hafa haft samband við pósthjónustu Bandaríkjanna, áður en hafin var auglýsingaherferð í sjónvarpi fyrir Santa's Workshop Iceland.

Með bréfi, dags. 18. janúar 1974, sem er svar við bréfi stefn-

anda, dags. 9. janúar 1974, staðfestir pósthjónustan, að bréf, sem stíluð séu á Santa's workshop Iceland, p.o. box 4134, Iceland, mundu við núverandi kringumstæður verða afhent Santa's Workshop, p.o. box 4135, Reykjavík. Þann 8. mars 1974 skrifar dr. Gunnlaugur Þórðarson hæstaréttarlögmaður pósth- og símamálastjóra f. h. pósth- og símamálastjórnar, þar sem hann f. h. stefnanda fer fram á bæt看ur vegna þess tjóns, sem mistök pósthjónustunnar í New York hafi bakað honum. Styður hann bótarétt firmans Á. Hansen gegn pósth- og símamálastjórn á 44. gr., sbr. 45. gr. Alþjóðapósthmálasamningsins frá 1969. Pósth- og símamálastjórnin íslenska sendir pósthjónustu Bandaríkjanna bréf hæstaréttarlögmannsins, og með bréfi 30. apríl 1974 svarar pósthjónusta Bandaríkjanna bréfi pósth- og símamálastjóra. Er þar vitnað til þess, að lögfræðingadeild bandarísku pósthjónustunnar hafi athugað málið. Lögfræðingadeildin sé þeirrar skoðunar, að vegna eftirgreindra ástæðna beri pósthjónusta Bandaríkjanna ekki ábyrgð á því tjóni, sem hlotist hafi af meðhöndlun hennar á bréfunum, án tillits til þess, hvort um misgerð hafi verið að ræða, þegar afhending fór ekki fram.

Segir svo í þýðingu löggilts skjalapýðanda: „Í kröfunni er vísað til 44. og 45. gr. Alþjóðapósthmálasamningsins frá 1964 (nú 45. og 46. gr. UPU samnings 1969) varðandi þá staðhæfingu, að gera ætti fyrirtækinu, sem bréfin voru stíluð til, bæt看ur vegna þess, að bréfin voru ekki afhent. Í stuttu máli segir í greinum þessum, að pósthstjórn, sem greiðir kröfu, er önnur stjórn ber ábyrgð á, eigi að fá endurgreiðslu frá hinni síðarnefndu. Þannig felur krafan í sér, að stjórn yðar ætti að greiða tjónið, sem krafa er gerð um, og leita eftir endurgreiðslu frá pósthjónustu Bandaríkjanna skv. greinum þessum.

Það er álit lögfræðingadeildarinnar, að rökin, sem fram eru færð í kröfunni, séu röng. Greinarnar, sem til er vitnað, sanna ekki ábyrgð. Ábyrgð er eingöngu tekin á skrásettum hlutum (ábyrgðarsendingum): „Pósthstjórnir bera eingöngu ábyrgð á tapi skrásettra hluta (ábyrgðarsendingum)“ 40. gr. U.P.U. samnings (Tokyo, 1969) T.I.A.S. 7150. 1) ábyrgðarákvæði í samningnum frá 1964 var raunverulega samhljóða: „Pósthstjórn ber eingöngu ábyrgð á tapi skrásettra hluta (ábyrgðarsendingum)“ 39. gr. U.P.U. samnings (Vín 1964), T.I.A.S. 5881. Ekki kemur í ljós, að nein bréfanna, sem um er að ræða, hafi verið send í ábyrgð.

Ennfremur gerði pósthjónustan ekki rangt í að afhenda ekki bréfin þrátt fyrir kröfu fyrirtækisins Á. Hansen, Bergstaðastræti

52, Reykjavík. Öll umslögin, sem okkur voru send með bréfunum, utan tvö, voru vanfrimerkt. Ennfremur fullnægðu engin þessara umslaga pósthjónustureglugerð okkar, sem krefst þess, að borgarheiti felist í heimilisfangi. 211.3 kafli tilkynningar pósthjónustu Bandaríkjanna nr. 42 alþjóðapóstur, 39 C.F.R. 21.1. (c).

Samkvæmt pósthjónustureglugerð okkar ber að endursenda sendanda vangreiddan póst eða póst með ófullnægjandi heimilisfangi. Tilkynning pósthjónustu Bandaríkjanna nr. 42, supra, 231.1 og 233.1. kafli, 39 C.F.R. 23. 2 (a) og 23. 3 (a).

Sérstakar aðgerðir nokkurra embættismanna pósthússins í New York gerðu það að verkum, að mörg bréfanna bárust fyrirtækinu á Íslandi, en þeir gerðu fyrirtækinu þann greiða að sækja bréfin í kröfu- og fyrirspurnardeildina og senda þau til Íslands í öðru umslagi.

Auk rakanna um endurgreiðslu skv. U.P.U. samningnum útiloka ákvæði bandarískra laga (United States Federal Court Claims Act) hverskyns málssókn gegn pósthjónustu Bandaríkjanna í bandarískum rétti, með því eigi ber að bæta „neinar kröfur, er rísa vegna taps, vanskila eða vanrækslu í sendingum bréfa í pósti.“ 28 U.S.C. 2680 (b).“

Eins og áður er frá greint, byggir stefnandi málssókn sína gegn íslensku pósthjónustunni á lögjöfnun frá ákvæðum Alþjóðapóstsamningsins, gerðum í Tokyo 1969, sem Ísland er aðili að. Tilvik það, sem hér um ræðir, vill stefnandi lögjafna til 44. gr., sbr. 40. gr., 3. tl. Telur hann hér að vísu ekki um ábyrgðarbréf að ræða, en bréf, sem snerti viðtakanda beint fjárhagslega á tilsvarendi hátt. Segja megi, að sendandi hafi með peningagreiðslu sinni afsalað rétti sínum í hendur viðtakanda og sé því lögjöfnun eðlileg.

Fyrirsláttur pósthjónustunnar í New York um ófullnægjandi utanáskrift telja þeir nánast brotlegan, þegar þess sé gætt, að pósthjónurnin í New York láti sér nægja að rita utan á bréf til stefnanda á þann hátt, sem af sömu pósthjónustu hafi verið talið ófullnægjandi. Vitnað er til dskj. nr. 25—27 í því sambandi. Að því er varðar fjárhæð kröfu þeirra jatar stefnandi, að erfitt sé að gera sér grein fyrir fjölda þeirra bréfa, sem hafi verið endursend bréfiturum vegna ófullnægjandi utanáskriftar. Ætla megi þó, að þau séu ekki færri en 80.000, sem þýði 240.000 \$. Það sé athyglisvert, að póstmálastofnunin í Washington geri engar athugasemdir við fjárhæð þá, sem krafist er sem skaðabætur. Fjöldi bréfanna sé miðaður við þær pantanir, sem bárust 1971 og 1972.

Af hálfu stefnda eru þau rök færð fyrir sýknukröfunni, að í fyrsta lagi sé hér um að ræða svonefnd blekkingarviðskipti, sem séu óhæf sem grundvöllur fyrir bótakröfum stefnanda. Hér sé um að ræða hvatningu til almennings, og þá sérstaklega barna og unglinga, til að rita aðilja, sem ekki sé til, bréf með beiðni um svarbréf frá sama aðilja í þar til greindu formi. Allir viti, að jólasveinninn sé ekki til. Í öðru lagi sendi pantendur bréf sín til pósthöfðingjanna í New York frá heimilum sínum í Ameríku til móttöku þar og áframsendingar til Íslands. Póststjórnin í New York hafi því verið fyrsta móttökupósthús bréfanna og hafi endursent þau til bréfitaranna í Ameríku vegna galla á heimilisföngum. Stefndi hafi aldrei komið við sögu þessara bréfa, fyrr en stefnandi hafi farið og látið fara til Ameríku til að kanna ástæður fyrir því, að pöntunarbréf bárust ekki. Orsökina hafi komið í ljós þar. Stefndi hafi aldrei komið nálægt ímyndaðri brotasögu stefnanda í sambandi við bréfin og sé því þegar af þeirri ástæðu án allrar sakar í þessu máli. Að því er varði aðalgrundvöllinn, sem stefnandi ímyndaði sér fyrir stefnukröfunni, þá snerti tilvitnaður póstsamningur aðeins ábyrgðarpósthöfðingjanna og því alls ekki þær sendingar, sem málssóknin byggist á. Stefndi mótmælir síðan, að nokkur handbær grundvöllur sé fyrir málssókninni. Í munnlegum málflutningi vísaði stefndi sérstaklega til framangreinds bréfs bandarísku pósthöfðingjanna.

Álit dómsins.

Taka verður fram, að í kröfubréfi á dómsskj. nr. 3 hefur stefnandi vitnað til 44. gr., sbr. 45. gr. Alþjóðapóstsamningsins frá 1969. Svar bandarísku pósthöfðingjanna, sem áður er getið, mun vera miðað við þetta kröfubréf.

Í greinargerð sinni byggir stefnandi hins vegar á því, að tilviki því, sem hér um ræðir, megi lögjafna til 44. gr., sbr. 40. gr., 3. tl. Alþjóðapóstsamningsins frá 1969.

1. tl. 44. gr. hljóðar svo: „Skyldan til skaðabóta greiðslu að geymdum endurgreiðslurétti gegn pósthöfðingjunni, sem ábyrgðina ber, hvílir annað hvort á pósthöfðingju upprunalands eða pósthöfðingju ákvörðunarlandsins, þegar um er að ræða atvik eins og greint er í 40. gr., 3. lið.“ 3. tl. 40. gr. hljóðar svo: „Sendandi getur afsalað sér rétti sínum í hendur viðtakanda.“ 40. gr. er upphafsgrein III. kafla Alþjóðapóstsamningsins, sem fjallar um ábyrgð. Fyrirsögn 40. gr. er: „Meginregla og viðtæki ábyrgðar pósthöfðingjanna.“ Í 1. tl. 40. gr. segir: „Pósthöfðingjarnir svara aðeins til ábyrgðarsendinga, sem glatast“. Viðurkennt er af stefnanda, að hér sé ekki um

ábyrgðarsendingu að ræða. Stefnandi þykir ekki hafa fært líkur að því, að jafna megi bréfum sendanda á einhvern hátt við ábyrgðarsendingar eða sendendur hafi afsalað honum einhverjum rétti samkvæmt greininni, sé hann til. Þegar af þessum ástæðum er rétt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefnandi greiði stefnda kr. 80.000 í málskostnað. Það skal tekið fram, að stefnandi þykir ekki hafa fært viðhlítandi stoð fyrir upphæð stefnukrafna, en, eins og á stendur, þykir ekki rétt að láta það koma í veg fyrir efnisniðurstöðu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Skúlason póst- og símamálastjóri f. h. póst- og símamálastjórnar Íslands, skal sýkn af kröfum stefnanda, firmans Á. Hansen. Stefnandi, firmað Á. Hansen, greiði stefnda, Jóni Skúlasyni póst- og símamálastjóra f. h. póst- og símamálastjórnar Íslands, kr. 80.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1978.

Nr. 89/1976. **Anton Sigurðsson**
(Örn Clausen hrl.)
gegn
Jónatan S. Tryggvasyni og
Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. apríl 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt